

MARKVISS MÁLÖRVUN, SAMVINNA Í LEIK- OG
GRUNNSKÓLA MEÐ ÁHERSLU Á LÆSI.

Verkefnastjórar: Ingunn Þóra Hallsdóttir, Ragnheiður Eva Birgisdóttir,
Sigurlaug Jónsdóttir og Stella Hermannsdóttir.

Þróunarsjóður leikskóla 2016.

Verkefnisstjórar: Ingunn Þóra Hallsdóttir, Ragnheiður Eva Birgisdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Stella Hermannsdóttir.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Markmiðið er að endurskoða markvissa málörvun í leik- og grunnskólum bæjarins með það að markmiði að styrkja samfellu í málörvun frá yngstu börnum leikskólans upp í yngsta stig grunnskólans, í samræmi við þjóðaráttak í læsi.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis: Fundir verkefnastjóra þróunarverkefnisins hófust í nóvember og var fundað mánaðarlega á meðan á verkefninu stóð. Á þeim fundum voru Stella Hermannsdóttir talmeinafræðingur, Sigurlaug Jónsdóttir, Ragnheiður Eva Birgisdóttir fulltrúi leikskóla og Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi grunnskóla. Í fyrstu voru línur lagðar um framkvæmd og væntingar til niðurstöðu að tímabilinu loknu settar. Þegar fundir með fulltrúum leik- og grunnskólabæjarins fóru af stað voru þessir fundir stjórnanda nýttir til þess að vega og meta framvindu og grípa inni þar sem þörf var á.

Fundað var þrisvar sinnum með fulltrúum leik- og grunnskóla bæjarins. Á fyrsta fundinum var þátttakendum kynnt verkefnið og fengu allir úthlutað 5 launuðum vinnutímum til þess að safna saman gögnum fyrir verkefnið innan sinnar stofnunar. Á fundi tvö voru gögn komin í hendur verkefnastjóra og voru lagðar línur um flokkun og samantekt á efniviðnum á þeim fundi. Tveir fulltrúar leik- og grunnskólanna fengu það verkefni að leggja lokahönd á tvo af þremur flokkum í verkefninu og var þeirri vinnu lokið fyrir þriðja og síðasta fund fulltrúa stofnananna. Á þeim fundi var samstarf stofnanna bæjarins rætt og hvernig afurð þróunarverkefnisins nýtist leik- og grunnskólakennurum bæjarins. Einnig komu þar fram tillögur að áframhaldandi þróunarvinnu og tillögur komu að birtingarformi afurðar þessa þróunarverkefnis.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: Í upphafi var markmiðið að efla samstarf milli leik- og grunnskóla þegar kemur að málþroska barnanna. Það má segja að það markmið hafi náðst þar sem að stofnanirnar náðu góðu samtali um markvissa málörvun innan bæjarins. Verkefnið ætlaði einnig að leggja áherslu á að unnið væri með markviss málörvun á bæði markvissan og árangursríkan hátt á báðum skólastigum. Umfang verkefnisins reyndist það stórt að það náðist að leggja grunn að þessu markmiði. Leik- og grunnskólar bæjarins hafa fengið upplýsingabanka til að nýta í markvissri málörvun. Fulltrúar leik- og grunnskóla söfnuðu saman því efni sem fannst innan stofnananna og settu saman í upplýsingabanka sem stofnanirnar get nýtt sér í framhaldinu. Lögð var áhersla á að taka saman fyrir hvaða aldurshóp efnið hentaði, heiti þess, og hvaða þætti innan markvissrar málörvunar það efldi. Sá ávinningur náðist að sett var saman markviss samfella í markvissri málörvun frá yngstu börnum leikskólanna til fyrstu bekkja grunnskólanna. En mikil þörf var á þessari samfellu.

Í upphafi átti verkefnið að skiptast í 5 þætti:

1. Taka saman upplýsingar um þá vinnu sem er í gangi í dag bæði í leik- og grunnskólum í tengslum við markvissa málörvun.
2. Meta þörf á breytingum á faglegrí áætlun í markvissri málörvun
3. Setja saman endurskoðaða áætlun um samfellu í markvissri málörvun barna í leik- og grunnskólum Garðabæjar.
4. Koma áætluninni í framkvæmd í leik- og grunnskólum bæjarins.
5. Vinna könnun til að meta það starf sem unnið verður í þessu verkefni

Á vormánuðum varð ljóst að hópurinn hefði náð að uppfylla fyrsta liðinn þar sem teknar voru saman upplýsingar um það sem gert er innan stofnananna, en liður tvö náðist ekki. Ástæðan er sú að breytingar voru ekki mikið ræddar heldur áhersla sett á lið þrjú. Liður þrjú varð megin þátturinn og náðist að setja saman áætlun um samfellu í markvissri málörvun barna í leik- og grunnskólum bæjarins. Liðir fjögur komst ekki í framkvæmd þar sem að nú er verið að leggja áherslu á að gera upplýsingabankann sem aðgengilegastan fyrir leik- og grunnskólakennara og verður tíminn að leiða í ljós hve vel hann verður nýttur. Á síðasta vinnufundi með öllum kennurum var lögð fram munnlega könnun og kom í ljós að mikil ánægja ríkti um verkefnið en einnig að kennarar hefðu áhuga á að vinna áfram með það. Verkefnisstjórar tóku mið af þeim styrk sem fékkst og var ákveðið að sleppa öðrum sérfræðingum sem til stóð að taka inn í verkefnið en fá í staðinn Sigurlaugu Jónsdóttir talmeinafræðing inn í verkefnastjórahópinn.

Mat á verkefninu: Þegar farið var í framkvæmd á verkefninu var lögð áhersla á að sækja þá þekkingu sem er í leik- og grunnskólum bæjarins og safna henni saman í gagnabanka. Þessi þáttur gekk mjög vel og samhliða þeirri vinnu átti sér stað samtali á milli leik- og grunnskóla sem að þátttakendum þótti mjög gagnlegt. Einnig voru kennarar yngstu barnanna mjög ánægðir þar sem að skortur var á efni fyrir þau börn. Þegar þátttakendur beðnir um mat á þessu verkefni kom í ljós að: 1. Gott verkefni sem að þörf var á þar sem að nú eru kennarar komnir með upplýsingar um verkefni og markmið eftir aldri barnanna. 2. Ánægja með umræðu á milli leik- og grunnskóla um námsefni. 3. Kennarar yngstu barna fengu nýja nálgun á markvissri málörvun fyrir yngstu börnin. 4. Áhugi var á að vinna meira með upplýsingabankann og gera hann aðgengilegri.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks var 1.500.000 kr.

Laun	
Gögn og uppsetning	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning: Afrakstur verkefnisins er einskonar rauður þráður sem búið er að setja saman varðandi markvissa málörvun í leik- og grunnskólum í Garðabæ. Ávinningurinn liggur fyrst og fremst í þeim samræmdum áherslum sem komnar eru ásamt því að kennarar hafa samtekt á efnivið sem þeir get nýtt sér í starfi með börnum frá 1- 9 ára. Kynning á afrakstri verkefnisins mun eiga sér stað innan hvers og eins leik- og grunnskóla og munu þátttakendur frá skólunum sjá um kynninguna.